

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Kópavogsbæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 774/2013.

1. gr.

B-liður 47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

- B. Kosið til **fjögurra ára**. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd höfuðborgarsvæðisins*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
 2. *Barnaverndarnefnd*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. lögum nr. 80/2002.
 3. *Brunabótafélag Íslands*. Einn aðalmaður í fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands og einn til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 4. *Félagsmálaráð*. Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráð fer jafnframt með hlutverk húsnæðisnefndar skv. 6. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.
 5. *Forsætisnefnd*. Skipuð forseta bæjarstjórnar og varaforsetum. Bæjarritari er starfsmaður nefndarinnar. Bæjarstjórn kýs að auki þrjá varamenn.
 6. *Forvarna- og frístundanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 7. *Hafnarstjórn*. Aðalmenn til samræmis við ákvæði reglugerðar um Kópavogshöfn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
 8. *Heilbrigðisnefnd*. Tveir menn og tveir til vara skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunaryarnir nr. 7/1998.
 9. *Íþróttaráð*. Fimm aðalmenn og fimm til vara.
 10. *Kjaranefnd*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara.
 11. *Kjörstjórn við alþingiskosningar* skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
 - a. Þrír menn í undirkjörstjórn og þrír til vara.
 12. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998.
 - a. Hverfiskjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara.
 - b. Undirkjörstjórn. Þrír menn og jafnmargir til vara.
 13. *Leikskólanefnd*. Fimm aðalmenn og fimm til vara skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
 14. *Lista- og menningarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Stjórnin fer með menningarmál. Hún fer jafnframt með stjórn bókasafnsins skv. 8. gr. laga um bókasöfn nr. 150/2012, tónlistarhúss Kópavogs – Salarins, Tónlistarsafns Íslands, Listasafns Kópavogs – Gerðarsafns, Náttúrufræðistofu Kópavogs og Lista- og menningarsjóðs.
 15. *Jafnréttis- og mannréttindaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með mannréttinda-, lýðræðis- og jafnréttismál skv. 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
 16. *Reykjanesfólkvangur*. Einn aðalmaður í nefnd um Reykjanesfólkvang og einn til vara.
 17. *Skipulagsnefnd*. Sjö aðalmenn og sjö til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin fer jafnframt með ferlimál.
 18. *Skólanefnd*. Sjö aðalmenn og sjö til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 og samningi Kópavogsbæjar og menntamálaráðuneytis um skólahald á framhaldsskólastigi í Kópavogi frá 14. maí 1982.
 19. *Stjórn Lifeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar*. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. gr. 4.1 í samþykktum um sjóðinn frá 1. september 2009.
 20. *Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins*. Einn aðalmaður og einn til vara.
 21. *Stjórn Sorpeyðingar höfuðborgarsvæðisins bs*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 12. janúar 1988.
 22. *Stjórn SSH*. Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. samþykkt um SSH frá 6. nóvember 2009.

23. *Stjórn Strætó bs.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 5. gr. stofnsamnings frá 7. maí 2001.
24. *Stjórn Tónlistarskóla Kópavogs.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
25. *Stjórn Tónsala.* Einn aðalmaður og einn til vara skv. 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.
26. *Umhverfis- og samgöngunefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með umferðarmál skv. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og umhverfismál skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og 11. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999.
27. *Landspítali Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs bæjarstjórn fjóra aðalfulltrúa, auk eins aðalfulltrúa fyrir hvert byrjað tugþúsund íbúa umfram 10.000 til viðbótar. Varamenn eru kosnir jafnmargir aðalmönnum.

2. gr.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogsbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 8. september 2014.

F. h. innanríkisráðherra,

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.